



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

ÁRSSKÝRSLA
Heimilis og skóla
– landssamtaka foreldra **2012**



Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra
haldinn 18. apríl 2013 á Suðurlandsbraut 24, 3. hæð, 108 Reykjavík

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir
Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir
Myndir: MOTIV/Jón Svavarsson og Heimili og skóli
Ábyrgðarmaður: Ketill B. Magnússon
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla	4
1.1. Stjórn	4
1.2. Stjórnar- og framkvæmdanefndarfundir	4
1.3. Starfsmenn	5
2. Starfsemi	5
2.1. Húsnæði	5
2.2. Félagsmenn	5
2.3. Samstarfssamningur	5
3. Helstu verkefni	5
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar	5
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið	6
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök	6
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla	7
3.5. Foreldradagurinn	8
3.6. SAFT	8
4. Útgefið efni, dreifing og vefsíða	12
4.1. Útgáfa	12
4.2. Heimasíða og fésbók	13
5. Fundir, ráðstefnur og aðrir viðburðir	13
6. Samstarf innanlands	16
7. Norrænt samstarf	16
8. Evrópskt samstarf	17
9. Lokaorð	17
Lög Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra	18

INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmalaflokkum og trúfélögum. Fjöldi einstaklinga eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og samstarfsaðila hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun, og er styrkt af ESB. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum Insafe netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í viðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar 2012 til desemberloka 2012 en samtökin fögnuðu 20 ára afmæli á árinu og fjallar skýrslan um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

1. STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Stjórn Heimilis og skóla var kosin á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 23. maí 2012.

Í stjórn Heimilis og skóla starfsárið 2012 sátu:

Ketill B. Magnússon, formaður – Reykjavík
Páll Brynjar Pálsson, varaformaður – Akureyri
Anna Margrét Sigurðardóttir – Fjarðabyggð
Brian Daniel Marshall – Akranesi
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir – Akureyri
Halldór Jörgensson – Garðabæ
Ingigerður Sæmundsdóttir – Reykjanesbæ

Jenný Ingudóttir – Reykjavík
Sigrún Þorleifsdóttir – Kópavogi
Svava B. Sigurjónsdóttir – Reykjavík
Þórður Ingi Bjarnason – Hafnarfirði

Í stjórn Heimilis og skóla sitja 11 fulltrúar foreldra á landsvísu. Enginn stjórnarmanna þiggur laun fyrir störf sín.

Kjörnir skoðunarmenn voru Barbara Björnsdóttir og Hilmar Ingimundarson.

1.2. STJÓRNAR- OG FRAMKVÆMDANEFNDARFUNDIR

Frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 voru haldnir tíu stjórnarfundir. Á sama tímabili fundaði framkvæmdanefnd níu sinnum.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna starfsárið 2012 voru:

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT
Elín Helgadóttir, verkefnastjóri (tímabundið frá mars til maí)
Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri (fór í fæðingarorlof 10. október)

Björn Rúnar Egilsson, verkefnastjóri (hóf störf við afleysingar 9. október)

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og kennslufræði, heimspeki, sálfræði, lögfræði og alþjóðasamskiptum.

2. STARFSEMI

2.1 HÚSNÆÐI

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð og leigja húsnæðið af Reitum, fasteignafélagi. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðsluefni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða.



Samtökin hafa aðsetur á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð.

2.2 FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, foreldra- og skólaráð, leik-, grunn- og framhaldsskólar.

Skráðir félagsmenn voru 2.242 talsins við árslok 2012, þar af 1.858 einstaklingar.

2.3 SAMSTARFSSAMNINGUR

Þann 4. júní 2012 var skrifað undir samstarfssamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gildi frá 1. janúar 2012 til ársloka, 31. desember 2012. Samningurinn fól í sér fjárframlag til til að sinna fjölþættri þjónustu við

foreldra skólabarna af öllu landinu. Unnið var að langtíma-samningi sem tæki við af þessum árið 2013 og gildir hann til fjögurra ára.

3. HELSTU VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR


Talsvert er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig er beðið um fræðslu og fyrirlestra og hafa SAFT fyrirlestrar um netöryggi verið sérstaklega vinsælir.

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf (svo sem með tölvupósti og facebook) eftir fremsta megni. Þegar athugað er vegna hvers er helst hringt þá koma niðurstöðurnar ekki á óvart. Helst er hringt vegna nemanda (30%) en þar á eftir er flokkurinn

„annað“ (28%) og því næst stjórn skóla (13%). Aðrir flokkar eru námsefni, aðbúnaður/öryggi umhverfis og kennari (sjá mynd 1). Erfitt getur verið að flokka ráðgjöf þar sem málin eru oft margþætt og geta fallið undir nokkra flokka. T.a.m. getur eitt símtal falið í sér fimm ráðgjafaratriði eða fleiri. Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar (44%) en þar á eftir koma foreldrafélög/skóla- og foreldraráð (20%) og samstarfsaðilar (11%). Aðrir sem til okkar leita eru m.a.: skólustjórnendur, aðstandendur (aðrir en foreldrar), kennarar, stjórnslásla og fjölmiðlar (sjá nánar mynd 2). Stundum skarast flokkarnir.


MYND 1:

Vegna hvers er hringt? Eins og gera má ráð fyrir er oftast hringt vegna nemanda en einnig fellur stór hluti undir flokkinn „annað“ sem er þá oftast upplýsingagjöf af ýmsu tagi.



Mynd 2:

Hér sést hverjir hringja. Ekki þarf að koma á óvart að foreldrar eru þar í miklum meirihluta.



Mál nemenda eru síðan flokkuð eftir hvort þau tengjast námi og/eða andlegri líðan. 21,5% ráðgjafarinnar tengjast einelti, 17% skólastjórn, 16% koma inn á nemendavernd og 16% eru vegna kennslu. Langoftast er hringt vegna grunnskólastigsins (74%), þar á eftir kemur leikskólastigið (20%) og því næst framhaldsskólinn (1%). Önnur mál eiga ekki endilega heima innan ákveðins skólastigs.

Ráðgefandi símtöl vegna SAFT eru að meðaltali 1,5 á dag.

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglunga. Samtökin bjóða upp á fyrirlestra og fræðslu-efni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Til að mynda er boðið upp á fyrirlestra um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, Foreldrasáttmálann, einelti og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga notkun barna og unglunga á netinu og öðrum rafrænum miðlum.

Undanfarin ár hafa Heimili og skóli unnið markvisst að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök um land allt í gegnum fulltrúaráðið.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Á nokkrum stöðum á landinu hafa orðið til svæðasamtök sem eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar

Ráðgefandi tölvupóstar og ráðgjöf í gegnum félagsnetsíður vegna SAFT er að meðaltali 2,5 á dag.

Helst er haft samband vegna: netsins og eineltis (12%), félagsnetsíðna (12%) kláms (10%), netsíunar (parental controls) (8%) og „netfíknar“ (8%).

Samtökin stuðla þannig að stofnun og uppbyggingu svæðasamtaka og efla borgaralýðræði. Markmið þessa grasrótastarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang. Heimili og skóli aðstoða við stofnun og starf foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Reglulega eru sendar upplýsingar um fræðslu og annað sem er á döfnni á þessa netfangalista.

geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og aukið áhrif sín á skólastarfið. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa sinn til setu í fulltrúaráði samtakanna. Árlega boða samtökin til fulltrúaráðsfundar og var hann haldinn í áttunda sinn á Skipagötu 14 í sal Lionsklúbbsins Hængs á Akureyri. Þangað var boðið fulltrúum foreldra af öllum skólastigum.

Heiðrún Janusardóttir, verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála á Akranesi, kynnti starfsemi Skagaforeldra sem eru svæðasamtök sem ná yfir öll þrjú skólastigin (leik-, grunn- og framhaldsskóla) og Guðmundur Hrafn Arngrímsson, landslagsarkitekt, kynnti útikennslu og gerð útikennsluvæða. Unnið var í hópum og niðurstöður kynntar í umræðum.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru veitt í sautjándan sinn þann 16. maí 2012 við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, átti að afhenda verðlaunin en forfallaðist á síðustu stundu vegna fundar í ríkisstjórn. Guðni Ólgeirsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti, ávarpaði viðstadda fyrir hönd ráðherra og flutti ræðu hennar. Formaður Heimilis og skóla afhenti viðurkenningar og verðlaun. Aðalmarkmiðið með verðlauninum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Söngleikjaverkefni Grundaskóla á Akranesi hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2012. Markmiðin með söngleikjaverkefninu eru fjölmörg og tengjast þau beint eða óbeint inn í námskrá skólans. Slík verkefni eru hins vegar kostnaðarsöm, tímafrek og að mestu leyti unnin utan við hefðbundinn skólatíma. Foreldrar hafa stutt þessi verkefni með mikilli sjálfböðavinnu og öflugri þátttöku með börnum sínum. Aðkoma foreldra er margvísleg og mikilvæg því mörg verk þarf að vinna við slíka uppsetningu og verkefnið eflir skólabraginn.

Auk Foreldraverðlaunanna sjálfra voru veitt Hvatningarverðlaun og Dugnaðarforkaverðlaun.

Hvatningarverðlaun 2012 hlaut Þorpið – þekkingarsamfélag en fyrir því fer Ragnheiður Kristinsdóttir iðjuþjálfari og foreldri í Laugarnesskóla. Verkefnið er starfrækt innan Laugarnesskóla og miðar að því að styðja við foreldra þeirra barna sem þurfa sérstakan stuðning innan skólakerfisins og byggist á jafningjafræðslu og þekkingarmiðlun.

Dugnaðarforkaverðlaun 2012 fékk Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, fyrir ötult starf í þágu foreldra í Fjarðabyggð. Að þessu sinni bárust 28 tilnefningar til verðlaunanna.

Í dómnefnd árið 2012 sátu:

- Borghildur Jósúadóttir, formaður dómnefndar, stjórn Heimilis og skóla
- Amalía Björnsdóttir, Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- Haraldur F. Gíslason, formaður félags leikskólakennara
- Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, formaður foreldrafélags FG
- Sigríður Lára Ásbergsdóttir, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Guðbjörg Jónsdóttir, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
- Árni Guðmundsson, verkefnastjóri um aðgerðir gegn einelti



Frá Foreldraverðlaunum 2012.

3.5. FORELDRADAGURINN

Foreldradagurinn var haldinn í annað sinn fimmtudaginn 15. nóvember 2012 í sal Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Málþingið bar yfirskriftina *Samskipti í samhengi* og ræddu fyrirlesarar samskipti barna, foreldra og skólasamfélagsins frá ýmsum hliðum. Erla Guðjónsdóttir, skólustjóri Öldutúnsskóla var fundarstjóri.

Eftir að Erla setti málþingið steig Aðalbjörg Helgadóttir hjúkrunarfræðingur í pontu og flutti erindi um verkefni á hennar vegum sem nefnist Samskiptaboðorðin. Verkefni Aðalbjargar snýst um að fólk tileinki sér sex meginreglur í samskiptum sínum við aðra, sér í lagi þegar börn eiga í hlut, enda mótast samskiptafærni þeirra að stórum hluta af samskiptum við fullorðna.

Næst á mælendaskrá var Björg Magnúsdóttir, stjórn-málafræðingur og MA í hagnýtri menningarmiðlun, sem flutti erindi á vegum SAFT um þau tækifæri og hættur sem eru á netinu. Í kaffihléinu bauðst fundargestum að gæða sér á veitingum og spóka sig um á markaðstorgi þar sem ungubarnavörur, barnaleikföng, borðspil og netvarnir sem og

efni frá Heimili og skóla og SAFT voru m.a. á boðstólum fyrir gesti og gangandi.

Eftir kaffihlé tók Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi MA, kennari og ritstjóri hjá stjuptengsl.is til máls og spurði hvort íslenska skóla skorti heildstæða fjölskyldustefnu? Þá óháð fjölskyldugerð þeirra og fjölskyldumynstri, sem væru oft á tíðum flókin.

Að lokum flutti Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, erindi um samskipti skólaforeldra við skólann þar sem hann brýndi fyrir foreldrum að vera óhræddir og hreinskiptnir í samskiptum sínum við starfsfólk skóla. Hann talaði um að foreldrar mættu ekki sitja auðum höndum og bíða heldur þyrftu að sjálfir að sýna frumkvæði og leitast við að kynnast kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, velja réttan miðil, vera ósparir á samskipti og reyna aftur ef hnókar gerðu vart við sig. Einnig kom Ketill inn á mikilvægi Foreldrasáttmálans í samskiptum foreldra sín á milli. Fundargestir og skipuleggjendur voru á því að málþingið hefði verið afar vel heppnað og innihaldsríkt.



Frá Foreldradeginum 2012.



3.6. SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 hefur Evrópusambandið rekið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallast Safer Internet Action Plan (<http://ec.europa.eu/saferinternet>). Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu

- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í þrjátíu Evrópulöndum. Verkefni eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org) sem er samhæft af skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október

2004. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins var skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, innanríkis og velferðar, Háskóla Íslands, Barnaheill, Fjömiðlanefnd, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóra, Rauða

kross Íslands auk verkefnisstjóra SAFT. Í stýrihópi verkefnisins sátu fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá; stjórnvöldum, úr viðskiptalífnum, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnastjórn INSAFE og sem formaður ráðgjafanefndar netöryggismiðstöðva.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2012 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var tilumfjöllunar. Stór hluti SAFT vakningarátaksins fólst í að kynna verkefnið fyrir foreldrafélögum grunnskóla um allt land.



Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2012.



Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2012

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í níunda sinn þann 7. febrúar 2012. Þemað var „Tengjum kynslóðir“ og yfir

60 þjóðir tóku þátt þennan dag. Til umfjöllunar voru ýmis verkefni þar sem tæknin tengir kynslóðir saman. Áhersla var lögð á að kynslóðir miðli af þekkingu sinni og reynslu milli kynslóða, en þannig má stuðla að jákvæðri og öruggri notkun Netsins.

Netöryggismiðstöðvar 30 Evrópuþjóða, sem mynda Insafe netverkið (www.saferinternet.org), og nærri 40 önnur lönd leiddu þennan dag saman ungt fólk og fullorðna til þess að vekja athygli á og ræða um Netið. Netverkið útbjó stutta auglýsingu til þess að styðja við átakið, en hún var aðgengileg á Netinu (www.saft.is) og sýnd í sjónvarpi þennan dag.

Í tilefni dagsins stóð SAFT fyrir málþingi í Bratta, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Málþingið var haldið í samstarfi við ráðuneyti innanríkis-, velferðar- og mennta- og menningarmála, Póst- og fjarskiptastofnun, Símann, Microsoft á Íslandi og Háskóla Íslands. Fundarstjórar

voru Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, og Sigurbergur I. Jóhannsson, ungmennaráði SAFT.



SAFT ungmennaráð

SAFT lagði grunninn að stofnun sérstaks SAFT ungmennaráðs snemma árs 2008 en formlegt ungmennaráð var stofnað í byrjun árs 2009. Ungmennaráðið samanstendur af ungmönnum á aldrinum 12 til 18 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið aðstoðar við uppfærslu á heimasíðu SAFT, Facebook og Myspace síðum verkefnisins. Ráðið vinnur einnig hugmyndir um hvernig eigi að kenna ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, kemur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um hönnun og framkvæmd herferða, sinnir jafningjafræðslu og heldur erindi á foreldrafundum.

Veturinn 2011-2012 fór ungmennaráð SAFT í ferð í kringum landið og hélt jafningjafræðslufundi á völdum stöðum í samfloti við uppsetningu leikritsins Heimkoman. Ferðin gekk í alla staði mjög vel og mörg þúsund ungmenni um land allt hlýddu á erindið og sáu leikþátt sem beinir sjónum

að jákvæðri og öruggri netnotkun, með sérstakri áherslu á rafrænt einelti.

Norrænt ungmennaráð

Sex ungmenni úr ungmennaráði SAFT fóru til Stokkhólms þar sem stofnað var norrænt ungmennaráð sem fjallar um Internetið. SAFT tekur þátt í norrænu samstarfsverkefni sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni og gengur verkefnið undir nafninu Nordic Youth Internet Governance Forum (NYIGF). Ætlunin var að leiða saman um 30 ungmenni af Norðurlöndunum til að ræða stefnumótun Internetsins og framtíð þess. Fyrsti fundur ungmennanna var í Stokkhólmi 12. til 14. júní 2012 en þar réðu ungmenni á aldrinum 14 til 17 ára frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Íslandi ráðum sínum og mynduðu norrænt ungmennaráð (Nordic Youth Delegation). Fundurinn var haldinn í tengslum við EuroDIG ráðstefnuna (European Dialogue on Internet Governance) sem var í Stokkhólmi á svipuðum tíma. EuroDIG er ein helsta ráðstefnan sem haldin er um Internetið (sjá hér: <http://www.eurodig.org/>).

Sænska fjölmiðlaráðið (Swedish Media Council eða Statens Mediaråd) stýrði verkefniinu í samstarfi við norræn fjölmiðlayfirvöld, Nordicom og Norrænu ráðherranefndina.

Flest ungmennin héldu síðan heim á leið 14. júní nema þau íslensku og sænsku sem tóku þátt í málstofum á EuroDIG ráðstefnunni og í einni þeirra, þann 15. júní, hittu þau Silvíu Svíadrottningu sem hélt þar erindi. Auk þess stigu íslensk ungmenni á stokk og kynntu niðurstöður norræna ungmennaráðsins í félagi við sænsk ungmenni. Þau sinntu einnig starfi ritara og útbjuggu skýrslu.

Verkefnið hélt áfram út árið 2012 og var ályktunum norræna ungmennaráðsins dreift innanlands og á alþjóðavettvangi. Einn ungmennaráðsfulltrúi hvarrar þjóðar tók svo þátt í IGF ráðstefnu (Internet Governance Forum) í Baku í Aserbaidsjan haustið 2012.



Ungmennaráð í Stokkhólmi 2012.



Lestarbók og leikrit

Rusleyjan, lestrarbók eftir Þórarin Leifsson, er nýtt fræðsluefni fyrir miðstig grunnskóla sem SAFT dreifði til allra skóla landsins í desember 2011 og janúar 2012. Bókin fjallar um ábyrga og jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla, með sérstaka áherslu á rafrænt einelti og mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu. Henni fylgja handrit og framkvæmdarlýsing á jafningjafræðslu og spunaleikverki sem nefnist *Heimkoman* og er eftir Rannveigu Þorkelsdóttur leiklistarkennara. Leikritið er ætlað til uppsetningar af leiklistarhópum skóla. Bæði lestrarbók og leikriti var dreift án endurgjalds. Verkefnið er unnið í samstarfi SAFT, Heimilis og skóla, Háteigsskóla, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Embættis landlæknis, Námsgagnastofnunar, Grænnar framtíðar og Félags um leiklist í skólastarfi. Verkefnið hlaut styrk úr Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Samfélagssjóði




Leikritið *Heimkoman* og bókin *Rusleyjan*.

Landsvirkjunar, frá Góða hirðinum/Sorpu, Reykjavíkurborg og Símanum. Vefsíðan www.rusleyjan.is var opnuð í tengslum við verkefnið, en þar má finna upplýsingar um verkefnið í heild sinni. Í tengslum við verkefnið fór ungmennaráð SAFT um landið og var með jafningjafræðslusamhliða uppsetningu leikritsins Heimkoman. Þá gátu skólar, nemendur og skólafélög safnað ónýtum og gömlum smáraftækjum (GSM sínum, fartölvum, stafrænum myndavélum, stafrænum upptökuvélum, netlyklum og MP3 spilurum) í fjáröflunarskyni. Skólafélög eða einstakir árgangar geta safnað til einstakra verkefna, svo sem fyrir skólann sinn, skólaferðalög eða fyrir góðgerðarfélag. Græn framtíð mun greiða fyrir þann búnað sem safnast en hann verður fluttur til endurnýtingar hjá endurnýtingarfyrirtækjum í Evrópu. Þar mun búnaðurinn öðlast nýtt líf og verður meðal annars seldur aftur til þróunarríkja.

Vefsíður

Árið 2012 voru heimasíður verkefnisins uppfærðar: SAFT (www.saft.is) og Netsvar (www.netsvar.is).



Nýjar vefsíður SAFT og Netsvar.

Ábendingahnappur


Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT, Barnaheilla - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra.



Ábendingahnappurinn

Fréttablaðið

Á vormánuðum var samið við Fréttablaðið um birtingar á heilræðum SAFT til foreldra í óseldum auglýsingadálkum. Netheilræðin 10 voru útfærð í mismunandi stærðum og hafa birst minnst eitt á dag, síðan í júní 2012.



Auglýsingar í Fréttablaðið



Embætti landlæknis

Á haustmánuðum tók SAFT saman ýmis heilræði um netið og tölvunotkun í Heilsumhandbókina, sem Embætti landlæknis gaf út.

Fáðu Já!

Síðla veturs hófst samstarf átakshópa ríkisstjórnarinnar sem vinna að vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi og klám. Fáðu já! er eitt þeirra verkefna sem fékk styrk á vegum vitundarvakningarinnar og er miðað við 10. bekk grunnskóla. Eins og segir á vefsíðu verkefnisins er „Fáðu já! 20 mínútna stuttmynd sem ætlað er að skýra mörkin á milli kynlífs og ofbeldis, vega upp á móti áhrifum klámvæðingar, brjóta ranghugmyndir á bak aftur og innræta sjálfsvirðingu í nánum samskiptum.“ Handritshöfundar og leikstjóri myndarinnar Fáðu já! samþykktu að vinna með SAFT að gerð námsefnis sem hægt er að nota samhliða myndinni. Áætlað er að kynna námsefnið á vorönn 2013.

Rannsóknir

Í september 2012 hófst undirbúningur að framkvæmd SAFT könnunar 2013, en síðasta SAFT könnun var framkvæmd 2009. Talsverð vinna fór í að uppfæra spurningar efnislega og aðlaga framkvæmd að EUKidsOnline könnuninni. Aðferðafræði verður einnig uppfærð, en til stendur að til helminga verði safnað þöruðum gögnum foreldra og barna annars vegar og rafrænum gögnum hins vegar.

Verðlaun

Í september 2012 vann lestrarbókin *Rusleyjan* og leikritið *Heimkoman* til fyrstu verðlauna í samkeppni 30 netöryggismiðstöðva um besta námsefnið 2012.

Núverandi samningur

Nýr samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður í ágúst 2012 og gildir verkefnasamningur út árið 2014. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta Netöryggis-áætlunar ESB. Heimili og skóli – landsamtök foreldra, Rauði kross Íslands, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill – Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um Netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta-

og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og innanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra). Í desember 2012 skrifuðu ráðherrar mennta-, velferðar- og innanríkismála undir verkefnasamning við SAFT, en hann tryggir verkefninu umsamið mótframlag og þannig rekstur þess út árið 2014.

Sjá nánar um SAFT verkefnið í ársskýrslu þess sem nálgast má á skrifstofu samtakanna og á vef verkefnisins www.saft.is.

4. ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

4.1. ÚTGÁFA

Foreldrasáttmálinn var uppfærður og endurhannaður á árinu. Þar voru til hliðsjónar nýjustu rannsóknir og tekin mið af helstu hugðarefnum foreldra. Verkefnið hlaut styrk úr Lýðheilsusjóði.

Samtökin hafa nú um árabíl dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til allra skólastiga. Þá er mikil eftirspurn eftir bæklingum um starfsemi foreldra- og skólaráða (*Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli*). Voru þeir prentaðir á pólsku árið 2012 og hefur þeim verið vel tekið og verða þeir endurprentaðir. Fræðsluheftið *Einelti – góð ráð til foreldra* hefur verið í stöðugri dreifingu. Auk þessa er margs konar fræðsluefni í boði á vegum SAFT en lestrarbókin *Rusleyjan* og leikritið *Heimkoman ferðust um landið* á árinu og var *Rusleyjan*, námsefni fyrir miðstig grunnskóla, send á alla grunnskóla landsins 2. febrúar 2012.

Samtökin gefa út tímarit sem innihalda ýmiss konar fróðleik um uppeldis- og skólamál. Árið 2012 voru gefin út tvö tímarit, í maí og september. Vortímaritið hafði skólabyrjun sem þema og var m.a. farin sú leið að taka út einn árgang auk félagsmanna og senda tímarit á alla foreldra í þeim árgangi. Send voru tímarit á foreldra allra sex ára barna (fædd 2006) og þeim boðin félagsaðild. Stofnaðar voru valgreiðslukrúfur í heimabanka og gerðust um 200 foreldrar félagar. Hausttímaritið var tileinkað 20 ára afmæli Heimilis og skóla og var m.a. stiklað á stóru í sögu samtakanna en

einnig var fjölbreytt efni um uppeldis- og skólamál í boði. Bæði tímaritin voru send á alla félagsmenn, leik-, grunn og framhaldsskóla, greinarhöfunda og auglýsendur, líkt og verið hefur.

Breytt var um útlit og uppsetningu á vefritinu *Samstíga* sem auðveldar dreifingu og gefur einnig áskrifendum kost á að stýra því sjálfir hvort þeir fá vefritið sent eða ekki. Vefritið kom einungis út þrisvar sinnum á árinu en kemur nú út mánaðarlega.



Afmælistímarit Heimilis og skóla

4.2. HEIMASÍÐA OG FÉSBÓK

Á heimasíðu samtakanna, <http://heimilioskoli.is>, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi. Ný vefsíða var opnuð árið 2012 og er hún unnin í opnu og gjaldfrjálsu umhverfi. Nýtt fyrirkomulag einfaldar alla vinnu við síðuna og minnkar kostnað við hýsingu.

Heimili og skóli eru með virka fésbókarsíðu (facebook) sem opnuð var haustið 2009. Samtökin hafa eignast um 1.030

aðdáendur/vini en þeir voru 620 árið 2011. Því má segja sem svo að bæst hafi við „rúmlega vinur“ á dag árið 2012. Færðar eru inn fréttir og annað efni í hverri viku. Heimasíða og fésbókarsíða eru hugsaðar í samhengi þannig að þær styðji hvor við aðra. Þannig eru tíðari uppfærslur á fésbókinni en stöðugri upplýsingar á heimasíðu.

5. FUNDIR, RÁÐSTEFNUR OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla árið 2012. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og málþinga og héldu erindi. Hér verður dregið á því helsta.

- Ungmennaráð SAFT fundaði 13. janúar.
- Fulltrúar leikskólaforeldra í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi funduðu með formanni og framkvæmdastjóra í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla 20. janúar 2012. Ýmis mál er snerta leikskólaforeldra voru rædd þ.á.m. hækkanir á gjaldskrár, fæði, mönnun, reglur (eða regluleysi) um hámarksfjölda barna á starfsmann (og fermetra) og inntökuskilyrði á leikskóla.
- Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur 6. febrúar. Í tilefni dagsins var útbúið skemmtilegt veggspjald með gullkornum leikskólabarna og einnig var sýnt myndband með hugleiðingum þeirra.
- Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur 7. febrúar með málþingi í Bratta, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þemað var að tengja kynslóðir.
- Morgunverðarfundur Náum áttum um ábendingar

barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna var 15. febrúar.

- Formaður Heimilis og skóla heimsótti systursamtökin Heim og skúli í Færeyjum á aðalfund þeirra 18. febrúar í boði færeysku samtakanna. Hann fræddi þau um foreldrasamstarf á Íslandi og starfsemi Heimilis og skóla.
- Forsvarsmenn svæðaráða grunnskólaforeldra á höfuðborgarsvæðinu og Heimilis og skóla funduðu hjá SAMFOK 29. febrúar. Þar var staðan tekin, helstu áherslumál rædd og velt vöngum yfir leiðum til að efla foreldrasamstarf.
- Hringferð SAFT með Rusleyjuna og Heimkomuna hófst í Stykkishólmi 6. mars.
- Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla sat í dómnefnd Stóruupplestrarkeppinnarfyrir Suðurland í Vík í Mýrdal 7. mars og hélt einnig námskeið um foreldrasamstarf og netöryggi í Víkurskóla kvöldið áður.
- Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Oddnýju Sturludóttur, borgarfulltrúa, vegna samráðs- og sameiningarmála.



Leikskólaforeldrar ræða málin.



Formaður Heimilis og skóla heimsótti systursamtökin Heim og skúli í Færeyjum.



Frá fundi SAMFOK 2012.

- Morgunverðarfundur Náum áttum 21. mars var um velferð barna þremur árum eftir hrun. Rætt var hvað lykiltölur segja um stöðuna í dag.
- Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla var haldinn á Akureyri 26. mars.



Frá fulltrúaráðsfundi á Akureyri 2012.

- Morgunverðarfundur Náum áttum 18. apríl var um velferð barna þremur árum eftir hrun.
- Ráðstefnan Nýskipan í starfsmenntun á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis 23. apríl.



Frá Foreldraverðlaunum 2012.

- Heimili og skóli og mennta- og menningarmálaráðherra heimsóttu Árskóla á Sauðárkróki 2. maí en tilgangur ferðarinnar var að kynna Vínavefnefni í Skagafirði sem hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2011.
- Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent 16. maí.
- Morgunverðarfundur Náum áttum var 23. maí. Yfirskriftin var: Sumarhátíð – gaman saman, sýnum ábyrgð.
- Aðalfundur Heimilis og skóla var haldinn 24. maí í Laugalækjarskóla. Fundarstjóri var Björn Magnús Björgvinsson, skólastjóri Laugalækjarskóla og voru fimm nýir stjórnarmeðlimir kosnir. Ketill B. Magnússon bauð sig aftur fram sem formann til tveggja ára.
- Skrifað var undir samstarfssamning við mennta- og menningarmálaráðuneyti fyrir árið 2012 þann 5. júní.



- Ungmennaráð SAFT tók þátt í stofnfundi NYIGF (Nordic Youth Internet Governance Forum) og EuroDIG ráðstefnunni í Stokkhólmi í kjölfarið 12.-15. júní.
- Heimili og skóli tóku þátt í haustsýningu Námsgagnastofnunar 16. ágúst.
- 5. september var opunarhátíð Göngum í skólann.
- Afmælisþing Heimilis og skóla var haldið í Gerðubergi (þar sem samtökin voru stofnuð) á 20 ára afmæli samtakanna, 17. september. Yfirskrift þingsins var Samráð í sátt og rætt var um samráð og breytingar á skólastarfi. Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, opnaði málþingið, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, flutti ávarp og á dagskrá voru erindi frá: Arndísi Ósk Jónsdóttur, stjórnunarráðgjafa, Margréti Maríu Sigurðardóttur, Umboðsmanni



Heimsókn í Skagaförðinn.

barna og Halldóri Halldórssyni, formanni stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Í kjölfarið fylgdu pallborðsumræður þar sem fleiri bættust í hóp svarenda (fulltrúar frá Skólastjórafélagi Íslands og SAMFOK) og



Aðalfundur 2012.

spurningar úr sal. Að lokum var sýnt myndband með viðtölum við fyrrverandi formenn og núverandi formann og fyrrverandi formenn voru heiðraðir. Síðan var boðið upp á afmæliskaffi. Fundarstjóri var Þóra Arnórsdóttir.



Afmælispjng 2012.

- Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla var fundarstjóri á ráðstefnu um skaðleg áhrif hávaða í námsumhverfi skólabarna 12. október í Hringssalnum, Landspítala Háskólasjúkrahúsi.
- 22.-29. október var Vika 43, Vímuvarnavikan, sem er samstarfsverkefni 22 frjálsra félagshreyfinga á Íslandi.
- Dagur gegn einelti 8. nóvember. Tveir fulltrúar úr ungmennaráði SAFT héldu þar erindi.
- Foreldradagurinn var haldinn 15. nóvember í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Yfirskriftin var Samskipti í samhengi.
- Stóra upplestrarkeppnin hefst á hverju ári á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember.
- Skrið var undir samstarfssamning SAFT og þriggja ráðuneyta innanríkis-, velferðar- og mennta- og menningarmála um stuðning við starfsemi SAFT verkefnisins til ársloka 2014. Undirritunin fór fram



Fyrrverandi formenn og núverandi formaður heiðraðir. Á myndina vantar Maríu Kristínu Gylfadóttur.

3. desember í Langholtsskóla og er þetta í fyrsta sinn sem SAFT verkefnið er að fullu fjármagnað (Insafe/ESB greiðir 75% og ráðuneytin 25% verkefnisins).



Frá undirritun samstarfssamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og Heimilis og skóla 2012.

6. SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnarverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- Samtökin eiga fulltrúa í stjórn *Námsgagnastofnunar* sem hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, tók við sæti í stjórninni í febrúar 2012 og Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, er til vara.
- Barnahópur *Velferðarvaktarinnar*, fulltrúi Heimilis og skóla er Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri.
- *Náum áttum* er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum morgunverðarfundum. Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri, var fulltrúi fram í október en þá fór hún í fæðingarorlof. Björn R. Egilsson tók við keflinu.
- *Vika 43 – Vímuvarnavikan*.
- *SAMAN-hópurinn* vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Sólveig Karlsdóttir er þar okkar fulltrúi en Björn R. Egilsson leysir hana af í fæðingarorlofi.
- Heimili og skóli eiga aðild að *Samstarfsráði um forvarnir (SAMFO)*, sem er samráðsvettvangur forvarnarsamtaka á Íslandi þar sem athygli er beint að börnum og forvarnarstarfi.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann*. Samstarfsaðilar verkefnisins

eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla í þessu verkefni á árinu var Sólveig Karlsdóttir.

- Heimili og skóli eiga aðild að *Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn*, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir er þar fulltrúi Heimilis og skóla.
- *HoFF* hópurinn hefur fundað af og til og hefur Hrefna Sigurjónsdóttir þá verið þar fulltrúi Heimilis og skóla.
- *Dagur leikskólans* var haldinn 6. febrúar 2012 og sat Hrefna Sigurjónsdóttir í undirbúningshópi fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana og/eða frumvarpa til laga þegar við á. Einnig taka fulltrúar Heimilis og skóla þátt í starfsnefndum og vinnuhópum á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana. Samtökin taka t.a.m. á mótí starfsnema frá Háskóla Íslands ár hvert.
- Heimili og skóli eiga viðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af Almannaheill – samtökum þriðja geirans. Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, er varamaður í stjórn Almannaheilla.
- Fjölmíðlar leita gjarnan til samtakanna og eru þá yfirleitt framkvæmdastjóri og formaður Heimilis og skóla fyrir svörum. Starfsmenn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmiðla og veita upplýsingar.



7. NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli voru óvirkir félagar norrænu foreldrasamtakanna Nordisk Komité (NOKO) árið 2012 líkt og árið 2011. Helgaðist það af niðurskurði og sparnaði í starfsemi samtakanna. Engar ráðstefnur á vegum NOKO voru sóttar af formanni og starfsmönnum Heimilis og skóla árið 2012 en haldið var góðu sambandi og náðist samkomulag um að Heimili og skóli greiddu skuld sína og

lægra árgjald í kjölfarið. Í staðinn greiðum við sérstaklega fyrir þær ráðstefnur sem við ákveðum að sækja. Ákveðið var að halda næsta formannafund á Íslandi 2013. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir.

8. EVRÓPSKT SAMSTARF

Heimili og skóli urðu fullgildir aðilar að Evrópusamtökum foreldra, *European Parents' Association (EPA)* á fundi EPA í september 1998. Meginmarkmið samtakanna eru í grófum dráttum:

- að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins í mennta- og uppeldismálum og stuðla með því að sem mestum gæðum skólastarfs,
- að beita áhrifum samtakanna til að efla virka þátttöku evrópskra foreldra í skólastarfi á öllum skólastigum,

- að styrkja samstarf heimila og skóla með því að miðla hugmyndum og dæmum um það besta sem gert er (good practice),
- að vera vettvangur skoðanaskipta og samráðs evrópskra foreldra.

Heimili og skóli hafa ekki sótt neina fundi né ráðstefnur á vegum EPA síðustu ár en samtökin fá reglulega fréttabréf og annan fróðleik með tölvupósti og í gegnum fésbók.

9. LOKAORÐ

Tuttugu ára afmælisár Heimilis og skóla, árið 2012, var samtökunum árangursríkt. Samtökin sinntu þjónustu við foreldra á öllum skólastigum og studdu við starfsemi foreldrafélaga í skólum með margvíslegum hætti.

Samstarf við svæðasamtök um allt land og við fjölmarga aðila í forvarnar- og velferðamálum skólabarna var styrkt og treyst enn frekar.

Samtökin stóðu að venju fyrir fjölmörgum vel heppnuðum viðburðum og fundum. Þar má helst nefna Foreldraverðlaun í maí, 20 ára afmælistálfing í september og Foreldradaginn í nóvember.

Útgáfa samtakanna blómstraði á árinu og voru gefin út tvö tímarit, auk þess sem endurútgefið var vinsælt efni eins og Foreldrasáttmálinn og leiðbeiningar fyrir foreldra.

SAFT verkefnið endurnýjaði samning sinn við Evrópusambandið til 30 mánaða og gerði um leið tímamótasamstarfssamning við þrjú ráðuneyti um mótþjármögnun.

Viðræður hafa staðið yfir við Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, og sérfræðinga úr ráðuneytinu um heildstæðan þjónustusamning við Heimili og skóla til lengri tíma. Samkvæmt honum veita samtökin skólaforeldrum í landinu ýmsa þjónustu. Ráðherra hefur lýst sig reiðubúinn að gera slíkan samning við Heimili og skóla sem styrkja mun rekstrargrundvöll samtakanna og faglegt starf.

Vefur samtakanna var endurhannaður og bættur á árinu, sem gerir hann aðgengilegri, auðveldara að uppfæra efni og ódýrari í rekstri.

Rekstur samtakanna gekk vel á árinu og má segja að nú sé hann sé kominn í það horf sem stefnt var að með þeim breytingum sem ráðist var í á rekstrinum árið 2011. Áfram þarf þó að gæta mikils aðhalds því lítið má út af bera í jafn viðkvæmum rekstri sem þessum.

Kæru félagar, aðbúnaður skólabarna á Íslandi er að mörgu leyti mjög góður og margt hefur gengið vel á undanförunum árum. Hins vegar eru mikilvæg verkefni sem bíða okkar foreldra á næstunni og markmiðið er að efla Heimili og skóla – landssamtök foreldra enn frekar sem breiðfylkingu foreldra í landinu til að stuðla að bættri velferð skólabarna.

Árangur af starfi samtakanna er ekki sjálfgefinn og hefði ekki tekist nema með mikilli sjálfboðavinnu framkvæmda- nefndar og stjórnar auk einstakrar útsjónarsemi og fagmennsku alls starfsfólks. Við í framkvæmdanefnd viljum því þakka kærlega starfsfólki, stjórn og öllum þeim sem lögðu samtökunum lið á árinu. Þetta hefur verið annasamt en mjög skemmtilegt ár. Megi foreldrastarf í landinu blómstra.

Ketill B. Magnússon
formaður Heimilis og skóla
– landssamtaka foreldra

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA – LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2. gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar sem þess óska og greiða félagsgjald. Svæðasamtök foreldra, foreldrafélög og foreldraráð geta einnig orðið fullgildir félagar. Samtökin eiga samvinnu við og geta verið í málsvari fyrir þau svæðasamtök, foreldrafélög og foreldraráð sem eiga aðild að samtökunum.

Stjórnskipulag

4. gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórn málaflökkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn

5. gr. Stjórn samtakanna skipa ellefu menn sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn, sex stjórnarmenn annað hvert ár og fimm hitt árið. Fjórir stjórnarmenn skulu að jafnaði vera af höfuðborgarsvæðinu og fjórir utan þess. Fulltrúaráði samtakanna er heimilt að tilnefna einn fulltrúa í stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.

Stjórnin stýrir samtökunum í umboði aðalfundar í samræmi við lög þessi. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en fimm sinnum á ári og oftár ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6. gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7. gr. Stjórn kýs úr sínum hópi á fyrsta stjórnarfundum þrjú menn af fjórum í framkvæmdanefnd. Formaður stjórnar er sjálfkrafa formaður framkvæmdanefndar. Nefndin fundar a.m.k. níu sinnum á ári. Sérhver nefndarmaður getur skotið ákvörðun nefndarinnar til fullskipaðrar stjórnar. Framkvæmdastjóri situr fundi framkvæmdanefndar og ritar fundargerð.

Framkvæmdanefnd starfar á milli stjórnarfundum í umboði stjórnar. Stjórn setur framkvæmdanefnd nánari starfsreglur. Um annað en að framan er kveðið á um og varðar störf og starfshætti stjórnar og framkvæmdanefndar setur stjórn reglur eftir því sem þurfa þykir.

8. gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, tilsetu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði árlega. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Þannig leitast landsamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfsemi.

Fjármál

9. gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 2005.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 25. apríl 2008, sem samþykkir lög þessi, skal kosið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir sex nýir fulltrúar til tveggja ára og tveir til eins árs. Í stjórn sitja áfram í eitt ár þrjú fulltrúar áður kjörnir.



Heimili og skóli

Landssamtök foreldra

Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík
S. 516 0100

<http://heimiliogskoli.is>

